



Númer: 57/2018

Dreifibréf til váttryggingafélaga

Reykjavík, 14. desember 2018

Tilvísun: 2018030067

Efni: Drög að leiðbeinandi tilmælum um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga, umræðuskjal nr. 10/2018

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 10/2018, sem inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga. Skjalið er birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skulu ársreikningar gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélaga og ber félögunum að semja ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þær upplýsingar sem eru ekki staðlaðar í alþjóðlegum reikningsskilastöðum hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með að séu settar fram á samræmdan hátt, sbr. 3. mgr. 53. gr. sömu laga.

Til samræmis við hlutverk sitt hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að gefa út leiðbeinandi tilmæli um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Fjármálaeftirlitið mun gefa váttryggingafélögum og öðrum hagaðilum kost á að gera athugasemdir við drögin en frestur til að senda inn umsagnir vegna draganna er til 11. janúar nk. Umsögnum skal skila á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Sigurður Freyr Jónatansson


Finnur Loftsson